Aldrei of seint... að vera virkur

Evrópuárið er einstakt tækifæri til að samfagna og virkja reynslu, visku og marga aðra kosti eldri borgara í þágu samfélagsins. Evrópuárið vill einnig vekja okkur til umhugsunar um þá afstöðu okkar til eldra fólks að það sé byrði á samfélaginu, með því að beina sjónum að hæfileikum og tækifærum fremur en tálmum og hindrunum. Við eigum þess kost að lifa virkara og ánægjulegra lífi á hvaða aldri sem er – og það þarf að verða lýðum ljóst, bæði okkur sjálfum til hagsbóta og samfélaginu í heild. Jafnvel hin aldurhnignari Evrópa er full af tækifærum!

Að brúa kynslóðabilið í skólunum

Síðan 2009 hefur Evrópa haldið upp á Evrópudag kynslóðasamstöðu 29. apríl ár hvert. Árið 2012 verður áhersla lögð á að efna til umræðna milli nemenda og eldri borgara um hvað það merki að eldast og hvernig eldra fólk og yngra geti unnið saman að betra lífi. Dagana kringum 29. apríl er öllum skólum í Evrópu boðið að opna dyr kennslustofa sinna fyrir eldri kynslóðinni og kanna hvernig skoðanaskipti kynslóðanna geti stuðlað að betri menntun.

Deildu þeirri reynslu að eldast, segðu okkur sögu þína!

Allt árið 2012 verður reynslusögum og vitnisburði evrópskra borgara á öllum aldri deilt á vefstæði Evrópuársins. Við höfum sérstakan áhuga á að kynna hvernig eldra fólk getur stutt unga fólkið og styrkt böndin milli kynslóðanna.

Árangurinn verðlaunaður

Í lok 2012 höfum við ekki lokið því verkefni að búa eldri borgurum hagfelldara samfélag en að Evrópuárinu liðnu er rétti tíminn til að leggja mat á árangur þeirra fjölmörgu sem koma við sögu. Þau framlög sem þykja hafa skarað fram úr í þágu þess að auka virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna verða verðlaunuð á evrópskri verðlaunahátíð. Tryggðu að skerfur þinn falli ekki í skuggann!

Vertu í sambandi!

Vefstæðið er helsti stefnumótastaður Evrópuársins. Þar finnurðu nákvæmar upplýsingar um allar skuldbindingar og framtaksverkefni sem lagt er út í til að stuðla að virkni eldri borgara í Evrópu, auk frétta, atburða og hvetjandi reynslusagna um samskipti kynslóðanna. Smelltu á „vertu með“ til að deila með öðrum hvað þú ert að gera. Auðkenndu þig sem þátttakanda í Evrópuárinu með því að nota merki þess í verkefnum þínum!

Vertu með

Allt Evrópuárið verða viðburðir og athafnir í tengslum við það í öllum 27 aðildarríkjum ESB, sem og á Íslandi og í Liechtenstein og Noregi. Á vefstæðinu verður að finna upplýsingar um það. Kynntu þér nánar hvað verður á dagskrá í grennd við þig, um skipuleggjandann í heimalandi þínu og um þær stofnanir og félagasamtök sem vinna að virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna á:

www.active-ageing-2012.eu

Evrópuár um **virkni aldraðra** og **samstöðu kynslóða 2012**

Evrópuár um **virkni aldraðra** og **samstöðu kynslóða 2012**

Hvernig viljum við eldast?

Barist fyrir betra samfélagi handa öldnum og ungum

© European Commission, 2012. Catalogue number: KE-30-11-406-IS-C ISBN-13: 978-92-79-22813-1 DOI: 10.2767/54119

Íbúarnir eldast og við með

Evrópusambandið stendur nú frammi fyrir því að meðalaldur íbúanna stórhækkar. Þessi lýðfræðilega breyting er eðlilegur ávöxtur veigamikilla framfaraspora í samfélögum okkar – dánartíðni hefur minnkað og ævilíkur þar með aukist.

Meðalaldur í Evrópusambandinu er 39,8 ár (Eurostat – Tölfræðistofnun Evrópu) en árið 2060 verður meðalaldur Evrópusambandsþegna kominn í 47,2 ár. Hálfsjötugir og eldri verða 30% Evrópusambandsíbúa árið 2060 (voru 16% 2010).

Innan fárra ára fækkar fólki á vinnualdri í Evrópu en fólki komnu yfir hálfsjötugt mun halda áfram að fjölga um allt að tvær milljónir á ári. Árið 2060 kann einn eldri borgari að vera á hverja tvo á vinnualdri.

Aldurhnignari Evrópa hefur í för með sér ýmiskonar ögrandi viðfangsefni: á vinnumarkaði, í heilbrigðiskerfi og hvað snertir lífsgæði okkar eftir að við hættum störfum. Margir óttast að lífið verði eldra fólki erfiðara; aðrir búast við að aldraðir gæti eigin hagsmuna og leggi þungar byrðar á yngri kynslóðirnar.

Þurfum við virkilega að hafa áhyggjur af framtíðinni í æ aldurhnignari þjóðfélögum okkar? Alls ekki - ef við höldum heilsu lengur, ef við sköpum fleiri tækifæri á vinnumarkaði fyrir eldri starfsmenn, ef við höldum áfram að vera virkir þjóðfélagsþegnar og ef við getum lifað í umhverfi þar sem það að eldast táknar ekki að vera öðrum háður. Í stuttu máli, ef „virkni aldraðra" verður að veruleika hjá okkur öllum. Sjáum til þess að við höfum sem besta möguleika á að vera áfram heilsuhraust, virk og sjálfstæð þegar við eldumst!

Evrópuár virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna 2012 opnar augu almennings fyrir framlagi eldra fólks til samfélagsins og hvernig slíkt má styðja. Það leitast við að hvetja og virkja stjórnmálamenn og mikilvæga gerendur á öllum stigum samfélagsins með það fyrir augum að þeir grípi til aðgerða til að skapa aukin tækifæri fyrir virka eldri borgara og til að efla samstöðu kynslóðanna.

Virkni aldraðra: hvað táknar það?

Virkni aldraðra táknar að eldast við góða heilsu og vera fullgildur þjóðfélagsþegn, fullnægðari í starfi, sjálfstæðari í daglegu lífi og láta meira að sér kveða sem borgari. Það er sama hve öldruð við erum, við getum alltaf gegnt hlutverki í samfélaginu og notið meiri lífsgæða. Áskorunin er að nýta til fullnustu alla þá miklu hæfileika sem við búum yfir jafnvel þó að aldurinn færist yfir. Evrópuárið 2012 leitast við að stuðla að virkni eldri borgara á þremur sviðum:

Atvinna

Um leið og ævilíkur aukast um alla Evrópu og eftirlaunaaldur hækkar óttast margir að halda ekki núverandi vinnu eða að þeim takist ekki að finna nýtt starf til að geta sest í helgan stein á viðunandi eftirlaunum. Við verðum að veita eldra vinnandi fólki betri úrkosti á vinnumarkaði.

- Að læra og þjálfa nýja kunnáttu alla ævi
- Heilsusamlegar vinnuaðstæður
- Markviss aldursstjórnun hjá fyrirtækjum
- Vinnumiðlun fyrir eldri atvinnuleitendur
- Engin mismunun vegna aldurs
- Atvinnuörvandi skatta-/bótakerfi
- Miðlun reynslu



Þjóðfélagsþátttaka

Að hætta í vinnu táknar ekki að sitja auðum höndum. Oftar en ekki er litið framhjá því framlagi eldra fólks til samfélagsins sem felst í umönnun annarra, að jafnaði eigin foreldra eða maka og barnabarna. Sama er uppi á teningnum þegar kemur að hlutverki þeirra sem sjálfboðaliða. Evrópuárið leitast við að tryggja meiri viðurkenningu á því sem eldra fólk leggur fram til samfélagsins og skapa því hagstæðari skilyrði.

- Tekjuöryggi á efri árum
- Stuðningur við þjóðfélagsþátttöku og sjálfboðastarf
- Stuðningur við umönnunaraðila
- Samrýming atvinnu og umönnunar
- Samstaða og skoðanaskipti
- Að brúa tölvukunnáttugjána

Að stuðla að sjálfstæðu lífi

Heilsunni hrakar eftir því sem við eldumst. En margt er til ráða til að hægja á þeirri þróun og hægt að bæta aðstæður fyrir fólk sem á við ýmsan heilsuvanda eða fötlun að stríða. Virk efri ár fela líka í sér að greiða götu okkar svo að við getum ráðið eigin lífi sem lengst.

- Heilsuefling og forvarnir
- Aðlagað húsnæði
- Aðgengileg og ódýr almannafarartæki
- Aldursvænar aðstæður, vörur og þjónusta
- Að stuðla að sem mestu sjálfræði fólks í langtímaumönnun
- Að sérsníða tæknileg atriði til að greiða fyrir sjálfstæðu lífi eldra fólks

Blásið til breytinga

Evrópuárið snýst um að hefjast handa og hrinda breytingum í framkvæmd svo að okkur takist að skapa samfélag sem rúmar fólk á öllum aldri. En það gerist ekki með tilskipunum. Það þarfnast stöðugrar samvinnu þar sem margir leggja hönd á plóginn.

Evrópuárið á að vera tækifæri fyrir þig -sem borgara, vinnuveitanda eða kjörinn fulltrúa – til að íhuga hvað þú getir gert til að greiða fyrir því að auka virkni eldri borgara og efla samstöðu kynslóðanna. Þér er boðið að skuldbinda þig til ákveðinna aðgerða sem stuðli að þessum markmiðum.

Þessar skuldbindingar geta verið með ýmsu móti enda er hver og ein þeirra mikilvæg. Einstaklingar, opinberir aðilar eða einkaaðilar, fyrirtæki, félagasamtök eða sveitarfélög, stór og smá, geta sett sér og náð framkvæmanlegum markmiðum til þess að stuðla að virkara hlutverki eldri borgara. Allt frá stjórnmálamönnum sem útfæra löggjöf eða heildaráætlanir upp í fyrirtæki sem bæta vinnuaðstöðu og vinnutíma... Möguleikarnir eru endalausir – og þarfirnar á umbótum líka!

Deildu með öðrum framtaki þínu í þessum efnum á vefstæði Evrópuársins 2012 - og fáðu um leið innblástur til frekari dáða!

Hvað getum við gert?

Að halda sér í góðu formi – bæði líkamlega og andlega – er grundvallaratriði til að nýta tækifærin á vinnumarkaðinum og njóta góðra lífskjara. Þetta felur í sér að koma í veg fyrir sjúkdóma og meiðsli af völdum slæmrar vinnuaðstöðu sem og að stuðla að heilsusamlegu líferni. Endurmenntun tryggir uppfærða verkkunnáttu allt til starfsloka okkar. Vinnuveitendur geta aðlagað starfsaðstöðu, vinnutíma og aðstæður til að mæta þörfum eldri starfsmanna. Ríkisstjórnir ættu að endurskoða skatta- og bótakerfi til að tryggja að það taki því fyrir fólk að vinna á hvaða aldri sem er.

Launalaus störf sem eldra fólk innir af hendi í sjálfboðavinnu í félagasamtökum eða við umönnun ber að viðurkenna og styðja frekar, t.d. með því að veita umönnunaraðilum þjálfun sem og umönnunarhvíld svo að byrðin verði ekki óbærileg og leiði til þess að viðkomandi einangrist frá samfélaginu. Í félagastarfi getur yngra fólk lært margt af reynslu, kunnáttu og þekkingu eldri borgara.

Triptic A5 ICE_NEW.indd 2 29/02/12 11:11